

Umsögn til Velferðarnefndar mál 393 þungunarrof.

Formáli

Kæra nefnd,

Lagt er til í frumvarpi þessu að fjarlægja megi allt að 23. vikna gamalt fóstur án þess að fram hafi komið heilsufarsleg neyð hjá móður eða barni. Frumvarpið segir ekkert um hvað gera megi við þetta fóstur né hver hafi eignarrétt yfir líkama þess. Fóstur er verðmæti sem ýmsir braskarar í vísindasamfélaginu freistast til að nota sem söluvöru í hagnaðarskyni.

Þá er ljóst að ófætt barn er einstaklingur með eigið erfðamengi; með eigin líffæri og líkama. Hver er réttur barnsins?

Siðmenning okkar hefur skilgreint siðferðisleg réttindi dýra, en látið hjá að skilgreina siðferðisleg réttindi ófæddra barna? Ætla mætti að mannlegt líf væri verðmætara í siðmenntuðu þjóðfélagi.

Móðurkviður eða myrk gröf

Líf kviknar. Fyrsti kafli framtíðar lífandi manneskju er hafinn. Heill heimur af möguleikum og tækifærum opnast. Ævi full af ævintýrum og afrekum bíða þessa nýja lífs, sem þegar er byrjað að vaxa og dafna í öruggu fylgsni sínu..... en allt í einu breytist móðurkviður í myrka gröf? Lífsneistinn er kæfður. Lítil persóna í mótun mun aldrei komast í hlýjan og mjúkan faðm móður sinnar. Ákvörðun hefur verið tekin. Engin framtíð fyrir þetta litla líf. Líf slokknar.

Pólska þingið felldi nýlega umdeilt fóstureyðingafrumvarp, sem mótmælt var víða um Evrópu, þar á meðal hér á landi. Fimmtíu og átta þingmenn greiddu atkvæði með frumvarpinu sem bannaði konum að ganga undir fóstureyðingu nema líf þeirra lægi við - 352 voru á móti og 18 sátu hjá.

Í ljósi þessa er líklega pólitískt réttast af mér að biðjast afsökunar á því að ég skuli ekki vera fóstureyðingarsinni, en ég hef ekki haft þann vanann á að láta skoðanir meirihlutans stjórna minni sannfæringu, eins og lesendur hafa eflaust tekið eftir í greinaskrifum mínum.

Í dag þykir víst rétt að standa með óvart verðandi mæðrum í vafa og virða rétt þeirra til að ákveða hvort afkvæmi þeirra fái að lifa eða deyja. Ég styð ekki rétt til að velja hið síðarnefnda. Ég tel að enginn, hvorki maður né kona, eigi að hafa slíkan rétt. Ég stend hins vegar með þeim sem minna mega sín. Ég stend með þeim sem ekki geta varist þegar verðandi móðir ákveður að slökkva dýrmætan lífsneista lífandi mannveru. Ég stend með ófæddum einstaklingum sem eru í mótun í móðurkviði og eiga margir í vök að verjast nú á tímum.

Að mínu mati hefur heilbrigðiskerfið staðið sig vel í að svæfa samvisku kvenna sem telja sig ekki tilbúnar til að taka á móti litlum lífandi einstaklingum. Mikil áhersla er lögð á heilsu verðandi móður; bæði líkamlega og andlega. Ef móðirin er ekki reiðubúin að eiga barnið (sem er auðvitað hennar eign þótt ófætt sé) fær hún blessun heilbrigðisyfirvalda til að ýta á Ctrl+Alt+Del, og skorast þannig snyrtilega undan því stórkostlega hlutverki sem bíður hennar. Mér þykir reyndar hálf kaldhæðnislegt að yfirvöld sem kenna sig við heilbrigði skulu deyða líf, í stað þess að gera allt sem á þeirra valdi stendur til að varðveita heilbrigði þess.

En hvar er heilbrigðiskerfið fyrir lítinn ófæddan einstakling á örlagastund þegar móðirin er í vafa? Hver á að verja lítið líf sem enga björg sér getur veitt? Það geri ég.

Það eru ekki margir sem fá að heyra hryllingssögurnar sem gerast á bak við heilbrigðistjöldin þegar fóstureyðingar eru framkvæmdar. Raunveruleikanum er haldið frá konum til þess að þær þurfi ekki að þjást af „óþarfa“ samviskubiti sem eflaust myndi gera þeim erfiðara fyrir að iðka rétt sinn til að velja og hugsa fyrst um sjálfar sig. „Mannúð“ er síðasta orðið sem kemur í hugann á mér þegar ég heyri slíkar ömurlegar frásagnir og sé hvað gert er í herbergjum þar sem fóstureyðingar eru framkvæmdar – þar sem litlir ófæddir einstaklingar enda í ruslafötum.

Ég veit um eina konu sem lifði af fóstureyðingu eftir að hafa verið brennd í átján klukkutíma í móðurkviði. Ég gæti trúað því að sú kona sé á móti fóstureyðingum í dag. Í Danmörku brást lækni bogalistin í einni fóstureyðingunni, og þegar hann stóð þarna í herberginu, augliti til auglits við lítinn lífelskandi einstakling, gat hann ekki framkvæmt fóstureyðinguna. Fóstrið er í dag auðvitað fegið að hafa fengið að halda lífi.

Það vefst ekki fyrir þeim sem fóstureyðingarnar framkvæma að ófæddu börnin hafa tilfinningar og finna til sársauka. Frásagnir margra lækna og hjúkrunarkvenna sem viðstaddar hafa verið slíkar aðgerðir hafa fengið hárin til að rísa. Margir þessara fagaðila hafa hlotið varanlegan sálarskaða eftir hörmungarnar sem fyrir augu þeirra bar á skurðstofunni. Í dag er hægt að fara á netið og finna myndbönd sem sýna baráttu afkvæma fyrir sínu litla lífi þegar verið er að framkvæma fóstureyðingar. Það er ekki auðvelt að horfa á.

Ég þekki konu persónulega sem lét eyða fóstri fyrir nokkrum áratugum síðan. Hún glímir enn við nagandi samviskubit yfir að hafa dæmt lítið stúlkulíf til dauða. Hún vonar að hún fái að líta dóttur sína augum eftir þetta jarðneska líf og taka utan um hana í fyrsta sinn á himnum. Hún er ein af mörgum sem syrgja börnin sín sem ekki fengu að fæðast. Ef líf sem kviknar í móðurkviði er afskrifað sem ómerkilegt fóstur, hvernig stendur þá á því að svona gríðarlega margar fyrrverandi verðandi mæður upplifa svona mikinn söknuð og samviskubit?

Ég þekki góðan mann hér á landi sem veit að móðir hans, sem á sínum tíma fannst hún hvergi í stakk búin til að annast lítið barn, tók ákvörðun um að eyða honum í móðurkviði. En hún hætti við á síðustu stundu. Þessi maður er reyndar þjóðþekktur hér á landi og hefur látið margt gott af sér leiða í okkar samfélagi. Hann á einnig fallega fjölskyldu sem er full af hæfileikaríkum og gefandi einstaklingum. Af virðingu við hann og fjölskyldu hans nafngreini ég hann ekki hér. Það kemur kannski ekki á óvart að hann er einnig á móti fóstureyðingum. Enda væri skrytið ef hann segðist vera sáttur í dag við það ef móðir hans hefði tekið ákvörðun um að eyða honum; hann aldrei fæðst og aldrei fengið að upplifa alla þá stórkostlegu fjársjóði sem lífið hefur fært honum í fang.

Að velja hverjir fá að lifa og hverjir fá að deyja er að mínu mati ákvörðun sem enginn mennskur maður á að taka. Þegar líf hefur kviknað í móðurkviði og fyrsta blaðsíðan hefur verið skrifuð í ævisögu þess er að mínu mati bara eitt að gera, umfaðma það, vernda það og bjóða það velkomið í „vinallega“ veröld okkar. Það hlýtur að vera hægt að leysa flókin og tilfinningarík mál verðandi mæðra með öðrum hætti en að bregða á það vafasama ráð að eyða saklausu lífi.

Ég mun aldrei skammast mín fyrir að standa með þeim sem eru minni máttar og geta enga björg sér veitt. Ég mun aldrei skammast mín fyrir að standa með lífinu. Þótt það kosti mig óvilja frá öðrum og þótt margir samlandar mínir hneykslist kannski á afstöðu minni, þá gildir það einu. Ég verð að hlýða samvisku minni. Með fullri virðingu fyrir „óvart“ verðandi mæðrum og þeim persónulegu krísum sem þær standa oft frammi fyrir, leyfir samviska mín mér ekki að leggja blessun mína yfir fóstureyðingar; eyðingu á lifandi fósturum. Fyrir lítið líf að standa eitt andspænis því að tilvera þess og framtíð verði

ryksuguð burt er að mínu mati alltaf vera stærri „krísa“ en sú sem fullorðin og greind manneskja, umkringd heilsuverndar- og sálgæslufólki, mun standa andspænis.

Svo hugsar maður, ef mæður Abraham Lincoln, Michael Jackson, Albert Einstein eða Lennon hefðu ákveðið að eyða afkvæmum sínum, hversu miklu við hefðum misst af?

Hversu marga snillinga höfum við eiginlega farið á mis við? Ef við lítum á heimildir um fjölda fóstureyðinga frá árinu 1980, eru þeir sem ekki fengu tækifæri til að sýna hvað í þeim bjó rúmlega 1,4 milljarður. Á meðan þú last þessa grein var um 200 fósturum eytt. Er það í lagi? Í alvöru?

Eftirmáli

Við björgum lífi sem er 20 vikna gamalt ef það er fyrirburi og móðirin vill það. Að drepa þetta líf vegna þess að móðirin vill það ekki er ekki siðferðislega rétt. Þegar meðvirkni með ráðþrota mæðrum er farin að réttlæta morð í móðurkviði, er von að maður setji spurningu við siðferði yfirvalda.

Heilbrigðiskerfið þarf að finna betri úrlausnir fyrir verðandi mæður í krísu - úrlausnir sem bjarga lífi í stað þess að bana því.

Þökk fyrir að gefa ykkur tíma til að lesa þetta erindi sem endurspeglar hversu mikið hjartans mál þetta er fyrir mér.

Hjálagt
Ívar Halldórsson
090379-3249